

Reykjavík 30. september 2019

Efni: Umsögn um frumvarp til laga: um breytingu á lögum um sjúkratryggingar, nr. 112/2008, með síðari breytingum (aðgengi að sálfræðipjónustu og annarri klínískri viðtalsmeðferð). 150. löggjafarþing 2019-2020. Þingskjal 8 – 8. Mál.

Sálfræðingafélag Íslands fagnar því að sálfræðipjónusta falli undir lög um sjúkratryggingar.

Breytingar hafa verið gerðar frá fyrri tillögu sem lagt var fram á 149. löggjafarþingi (513). Í fyrri tillögu stóð í fyrirsögn „Sálfræðimeðferð“ sem nú hefur verið breytt í: „Sálfræðimeðferð og önnur klínísk viðtalsmeðferð“.

Vill Sálfræðingafélag Íslands (hér eftir S.Í.)benda á mikilvægi þess að skilgreina betur þá aðila, sem veita eiga þá geðheilbrigðisþjónustu sem frumvarpinu er ætlað að bæta aðgengi landsmanna að. Þar sem um er að ræða heilbrigðisþjónustu á afmörkuðu sviði telur S.Í. mikilvægt að taka það fram að hana skuli veita fagfólk með löggildingu Landlæknis sem heilbrigðisstarfsmenn á viðeigandi sviði. S.Í. bendir því á að **þörf sé á að skilgreina frekar þá heilbrigðisstétt sem veita eiga þessa þjónustu** frekar en tegund aðferðar sem beitt er, sbr. „önnur klínísk viðtalsmeðferð“ til að tryggja að sá sem meðferðina veitir hafi grunnforsendur til að bjóða upp á geðheilbrigðisþjónustu. Í því landslagi sem við nú búum við er fjöldinn allur af fólki sem telur sig geta boðið upp á meðferð við alvarlegum geðheilbrigðisvanda s.s. þunglyndi, fíknisjúkdómum og áfallastreituröskun sem byggir meira á þeirra eigin reynslu, ónægri þjálfun, almennum samtalsaðferðum eða öðrum aðferðum sem ekki hafa verið árangursprófaðar á viðeigandi hátt.

Ef ákveðið verður að halda núverandi orðalagi frumvarpsins óbreyttu vill S.Í. benda á að „aðrar klínískar viðtalsmeðferðir“ geta þýtt hvað sem er og því mikilvægt að skilgreina þær betur. Í því samhengi mætti koma með tillögu að nýju orðalagi, þ.e. „Sálfræðimeðferð og aðrar gagnreyndar meðferðir“. Má benda á að í leiðbeiningum Landlæknis er talað um sálfræðimeðferðir og gagnreyndar meðferðir, ekki klínískar meðferðir. S.Í. telur að frumvarpið ætti að styðjast við orðalag landlæknis þegar það byggir á leiðbeiningum þaðan.

Í greinargerð með frumvarpi þessu eru tiltekinn dæmi um fyrirkomulag hjá öðrum Norðurlöndum. Í flestum ef ekki öllum tilfellum er verið að vísa til reglna um niðurgreiðslu til sálfræðinga. Vill S.Í. áréttta mikilvægi þess að heilbrigðisfagfólk sem vinni meðferð við geðvanda búi yfir þeirri menntun, reynslu og þekkingu sem til þarf. Menntun sálfræðinga er byggð upp til að geta sinnt sálfræðimeðferð. Að baki liggur 5 ára háskólanám þar sem áhersla er lögð á sálmeinafræði,



Sálfræðingafélag Íslands

(ICELANDIC PSYCHOLOGICAL ASSOCIATION)

geðraskanir og sálfræðimeðferðir. Sálfræðingar eru stétt sem getur á grundvelli menntunar sinnar kortlagt og metið vanda skjólstæðinga, valið og veitt viðeigandi gagnreyndar sálfræðimeðferðir, metið árangur meðferðar og endurmetið meðferðaráætlun. Gera ætti geðheilsu jafn hátt undir höfði og annarri heilsu, m.a. með því að tryggja að þeir sem veiti meðferð hafi viðamikla reynslu í sálmeinafræða sem er forsenda þess að þekkja, meta og meðhöndla geðvanda fólks.

Með bestu kveðjum
Stjórn Sálfræðingafélags Íslands

Agnes Björg Tryggvadóttir
Bóas Valdórsson
Gunnhildur Gunnarsdóttir
Helgi Héðinsson
Sigríður Karen Bárudóttir
Tryggvi Guðjón Ingason
Þóra Sigfríður Einarsdóttir